

# Sýn kerfisnefndar um samstarf og skipulag í landskerfi bókasafna - hefur eitthvað breyst

Elísabet Halldórsdóttir

Maí 2005

# Kerfisnefnd bókasafna

Kerfisnefndin var skipuð 1998 til að gera tillögur um bókasafnskerfi sem söfn landsins gætu nýtt sér sameiginlega

Nefndin mótaði þá stefnu að öll söfn landsins notuðu eitt og sama kerfið í sameiginlegu landskerfi og samdi sýn fyrir samstarfið í framtíðinni

Hér á eftir fer erindi frá árinu 2000 um þá sýn og að hve miklu leyti hún hefur staðist

# Grundvallaratriði landskerfis

1. Samskrá
  2. Íslensk bókaskrá í sér grunni eða varin gegn breytingum
  3. Önnur söfn geta sótt færslur í samskrá
  4. Færslurnar verða almenningseign
- Atriði 2 hefur ekki verið hægt að uppfylla en annað er í fullu gildi

# Bókfræðigrunnurinn

1. Skráningarheimildir skilgreindar
2. Dreifð skráning
3. Þjónustusamningar milli safna um skráningu
4. Einn íslenskur efnisorðalykill

# Nánar um skráningarhliðina

Skrásetjari þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til að fá heimild til skráningar

Reynslan virðist sýna að marga skorti kunnáttu til að skrá þrátt fyrir þessi skilyrði

Alefli er að gera könnun og móta reglur um þjónustusamninga vegna skráningar

Samþykkt hefur verið að nota einn og sama efnisorðalykilinn og er unnið að leiðréttingum

Ekki hefur verið gerð sérstök krafa um færni í lyklun og er það umhugsunarefni

# Aðrir þættir kerfisins

- Samstarf safna
  - Ein lánþegaskrá
  - Engin sérstök bókasafnsskírteini
  - Sérækar upplýsingar lokaðar öðrum söfnum
  - Leit möguleg eftir landshlutum, safnategundum o.fl.
  - Samvinna tiltekinna safna möguleg

# Athugasemdir við fyrri glæru

- Fyrstu 2 atriðin eru í samræmi við sýn nefndarinnar
- Ekki hefur verið hægt að loka upplýsingum milli safna nema að nokkru leyti þannig að hægt er að sjá upplýsingar um lánþega hjá öðrum söfnum
- Hvað leit varðar er eingöngu hægt að afmarka leit við eitt tiltekið safn. Til stendur að breyta þessu, annars vegar að geta þrengt leit við afmarkaðan hluta safns og hins vegar að geta leitað samtímis í mörgum völdum söfnum

# Samskrá

- Samræmd skráning
  - Skráningarráð
    - markar stefnu í skráningu
    - ritstýrir gagnagrunninum
    - úrskurðar um ágreiningsmál í skráningu
    - ákveður skráningarheimildir
  - *Skipan þessara mála er með þeim hætti sem hugsað var*



# Staða lyklunar fyrir kerfisskipti

Kerfisbundinn efnisorðalykill notaður í flestum söfnum

Gegnissöfn nota efnisorðalista sem verið er að semja

Kerfisnefnd er að leita leiða til að sameinast um einn efnisorðalykil

Sá efnisorðalykill þarf að vera bæði almennur og ná til mjög sérhæfðs efnis

# Staða lyklnar nú

- Landskerfi bókasafna og Landsbókasafn Íslands gerðu samning við höfunda Kerfisbundins efnisorðalykils um afsal höfundaréttar þeirra með það fyrir augum að geta notað hann og þróað fyrir öll söfn landskerfis
- Með einum efnisorðalykli er auðveldara að halda samræmi í lykln í bókfræðigrunninum
- Með stofnun efnisorðaráðs er komin vettvangur til að tryggja viðhald og þróun lykilsins

# Innra samstarf

- Notendafélag
  - Hvert er hlutverk þess
  - Félagsgjöld
  - Markmið og lög
  - Stjórn félagsins
  - verksvið
    - hvernig kosin

# Nánar um innra samstarf

Aefli, notendafélag Gegnis var stofnað í sept. 2002

Hlutverk félagsins er: að samhæfa óskir og kröfur á hendur Landskerfi bókasafna hf. og framleiðendum Aleph-kerfisins og forgangsraða þeim, að fylgjast með og hafa áhrif á þróun kerfisins, að vera tengiliður við erlend notendafélög Aleph, einkum önnur norræn félög

Miðað við sýn kerfisnefndar eru mörg verkefni unnin af skrifstofu landskerfis sem talið var að yrðu á hendi notendafélags. Ekki er þó ólíklegt að notendafélagið verði öflugra með tíð og tíma

# Verkefni stjórnar notendafélags

- Upplýsingaflæði
  - fréttabréf og fundargerðir stjórnar
  - póstlisti
- Kynning og fræðsla
  - handbók, bæklingar og kynningarefni
- Námskeið
  - skipuleggja námskeið fyrir starfsfólk safnanna í hinum ýmsu þáttum kerfisins
- Notendafundir

## Verkefni - framhald

Stjórn Aleflis hefur heimasíðu þar sem birtast fundargerðir og ýmsar gagnlegar upplýsingar

Alefli heldur notendafundi árlega og þar er kosin stjórn

Það má þó segja að mörg af þeim verkefnum sem reiknað var með að notendafélagið sæi um séu annarra herðum aðallega Landskerfis s.s. námsskeiðshald

Í skipunarbréfi skráningarráðs kemur fram að því er ætlað að halda utan um þær handbækur, reglur og staðla sem stuðst skal við í skráningu

Landsbókasafn hafði frumkvæði að samningu handbókar um skráningu

# Vinnuhópar

- Landshlutar
  - starfi saman í safnheild
- Safnategundir
  - starfi saman að sameiginlegum verkefnum
- Vinnuhópar um tiltekin verkefni
  - dæmi: tónlistarhópur, fræðsluhópur

*Þetta hefur gengið eftir eins og fyrirhugað var*

# “Stofnanir” landskerfis

- Kerfisrekstur
  - hugbúnaður
  - vélbúnaður
- Notendafélag
  - stjórn, notendafundir
- Skráningarráð
- Efnisorðaráð
- Vinnuhópar
  - fastir, tímabundin verkefni

*Eina sem má bæta við þetta er að skrifstofa Landskerfis er mun virkari en fyrir var séð*